

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 um endurgreiðslu gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða, og um notkun heimildar skv. 15. tölul. 6. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 18. og 19. tölul. 13. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um sama efni.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreindar heimildir eins og hér segir:

I. Endurgreiðslur vegna nýsmíði.

1. gr.

Þegar hafizt er handa um nýsmíði skips, skal skipasmíðastöð, óski hún endurgreiðslu tolla, tilkynna það siglingamálastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Tilkynningunni, sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi, smíðalýsingu og fyrirkomulagsteikning.

2. gr.

Ráðuneytið mun endurgreiða skipasmíðastöðvum 7.5% af samningsverði skipa, annarra en súðbyrtra skipa, en þau skulu njóta tollendurgreiðslu samkvæmt 3. og 4. gr. þessarar auglýsingar. Með samningsverði er átt við verð það, sem skráð er í smíðasamningi. Endurgreiðsla getur farið fram í eftirtöldum áföngum, gegn staðfestingu siglingamálastjóra hverju sinni, um að viðeigandi smíðastigi sé lokið eða afhending til kaupanda hafi farið fram.

- a. 2.5% þegar lokið er við að byrða bol skips eða sjóða hluta bols þess (sektionir) saman eða reisa bönd, ef um tréskip er að ræða.
- b. 2.5% þegar húið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður.
- c. 2.5% þegar afhending skips til kaupanda hefur farið fram, eða smíði er endanlega lokið.

Af aðalvél, sem er undir 300 hestöflum, endurgreiðir ráðuneytið toll gegn framvísun frumrits tollreiknings og vörureiknings (faktúru) vélarinnar. Endurgreiðsla getur farið fram, þegar siglingamálastjóri hefur staðfest, að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði.

3. gr.

Telji skipasmíðastöð sig ekki fá tolla endurgreidda að fullu samkvæmt 2. gr., skal hún, í stað umsóknar um þriðja áfanga endurgreiðslunnar, skv. c-lið 2. gr., senda siglingamálastjóra sundurliðun yfir allar tollagreiðslur vegna skipsins á þar til gerðum eyðublöðum.

Í sundurliðuninni skal greind vörutegund, magn, c.i.f. verð hversrar einingar, tollflokkur og sú tollupphæð, sem greidd hefur verið. Frumrit tollreikninga ásamt vörureikningum skulu fylgja sundurliðuninni, þegar því verður við komið.

4. gr.

Geti skipasmíðastöð ekki framvísað tollreikningum og vörureikningum yfir vörur, sem notaðar hafa verið til smíði skips, skal gerð yfir þær sundurliðun á sérstök eyðublöð, þar sem greina skal heiti vörunnar, magn, kaupverð, tollflokk og upphæð þá, sem óskast endurgreidd fyrir hverja vörutegund um sig, en hún reiknast þannig: Frá kaupverði vörunnar dragast 33%. Afgangurinn margfaldast með tollprósentu vörunnar deilt með tollprósentunni + 100. Ekki má taka með í sundurliðun notaða hluti, né heldur innlendar framleiðsluvörur. Sundurliðun fylgi vörureikningar eða nótur yfir vörunnar.

5. gr.

Geti fjármálaráðuneytið fallizt á sundurliðun skv. 3. og 4. gr., fer fram uppgjör á þann hátt, að skipasmíðastöð verða endurgreiddir tollar þeir, sem hún sannanlega hefur greitt vegna skipsins, að frádregnum greiðslum þeim, sem inntar hafa verið af hendi skv. 2. gr.

6. gr.

Hafi kaupandi skips sjálfur lagt til vélar, tæki eða annað ónotað innflutt efni til skipsins, getur ráðuneytið endurgreitt tolla af því til kaupanda gegn framvísun tollreikninga og vörureikninga, enda votti siglingamálastjóri, að hlutirnir hafi verið notaðir til skipsins, og hvorki verð þeirra né kostnaður við niðursetningu þeirra sé innifalinn í samningsverði skipsins.

7. gr.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu vegna aukins innflutnings efnis og tækja fram yfir það, sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, mun ráðuneytið endurgreiða tolla af efni þessu og tækjum, enda sé endurgreiðslubeiðni vegna þessa borin fram svo sem segir í 3. og 4. gr.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal tollendurgreiðslan samkvæmt 2. gr. miðuð við söluverð og skal tekið tillit til þessa við lokaendurgreiðslu.

8. gr.

Sé skip smíðað fyrir eigin reikning, og því ekki hægt að leggja ákveðið samningsverð til grundvallar endurgreiðslu tolla, áætlað ráðuneytið „samningsverð“ þess með hliðsjón af verði sambærilegra skipa.

9. gr.

Telji ráðuneytið smíði skips þannig háltað eða samningsgerð um það þess eðlis, að afbrigðilegt geti talizt, getur ráðuneytið ákveðið hverju sinni, hvernig tollendurgreiðslu skuli hagað.

10. gr.

Sala og smíði á nýjum skipum er undanþegin söluskatti og innheimtir skipasmíðastöð því ekki söluskatt af kaupanda eða eiganda skips.

Við gerð söluskattsskýrslu skal skipasmíðastöð telja sölu á skipum með heildarveltu, en jafnframt skal hún færð til frádráttar, sbr. 1. lið B, 28. gr. reglugerðar nr. 169/1970.

Efni til nýsmíði skipa, sem skipasmíðastöð kaupir innanlands með söluskatti, skal fært til frádráttar með söluskatti, sbr. 3. lið B, 28. gr. reglugerðar nr. 169/1970.

Skilyrði fyrir því að um frádrátt frá heildarveltu geti verið að ræða samkvæmt 2. og 3. mgr. hér að framan, er að bókhaldi sé hagað eins og fyrir er mælt í IV. kafla reglugerðar nr. 169/1970, einkum 15.—17. gr.

II. Endurgreiðslur vegna skipaviðgerða og breytinga.

11. gr.

Fjármálaráðuneytið endurgreiðir tolla og söluskatt af efni til skipaviðgerða ef heildarkostnaður við einstaka samfellda viðgerð fer fram úr kr. 100 000.00 enda nemi endurgreiðslufjárhæðin samtals minnst kr. 15 000.00.

12. gr.

Tollur verður endurgreiddur eins og hér segir:

- a. Af eftirlöðlum tækjum verður tollur endurgreiddur sérstaklega við framvísun frumrits tollreikninga og vörureikninga:
 1. Aðalvél.
 2. Skrufubúnaður (gear, öxull, skrúfa).
 3. Öxulbremsa.
 4. Fjarstýringatæki véla.
 5. Ljósavélar.
 6. Rafalar.
 7. Loftþjöppur.
 8. Loftkútar.
 9. Gear fyrir aflúttak.
 10. Austur-, bruna- og kælivatnsdælur.
 11. Eldsneytisdælur.
 12. Smurolíudælur.
 13. Olíuskilvindur.
 14. Vökvahæðarmælar (pejlcentral).
 15. Ferskvatnsgenerator.
 16. Bógskrúfur.
 17. Frysti- og kælivélar.
 18. Ísvélar.
 19. Ísdælur eða færítæki.
 20. Spil hvers konar.
 21. Fiskdælur.
 22. Spildælur.
 23. Stýrisvélar.
 24. Sjálfstýring.
 25. Nótarkranar og kraftblakkir.
 26. Viftur, fyrir loftræstingu og kælingu.
 27. Hverfirúður.
 28. Anker og keðjur.
 29. Áttavitar.
 30. Asdictæki, fiskileitartæki.
 31. Dýptarmælar.
 32. Talstöðvar.
 33. Lorantæki.
 34. Miðunarstöð.
 35. Radar.
 36. Ljósastarar.
 37. Sveifarás í aðalvél.
- b. Af varahlutum til dieselvéla verður tollendurgreiðsla 13% af kaupverði.
- c. Af varahlutum til rafbúnaðar skips og rafeindatækja verður tollendurgreiðsla 17% af kaupverði.

- d. Af efni til holviðgerðar tréskipa verður tollendurgreiðsla 9% af kaupverði.
- e. Af efni til holviðgerðar á stálskipi og af efni vegna viðgerða eða endurnýjunar yfirbygginga og lestainnréttinga skipa, ef þær eru úr stáli eða áli, verður tollendurgreiðsla 1.5% af kaupverði.
- f. Af efni til viðgerða eða endurnýjunar innréttinga annarra en lestainnréttinga verður tollendurgreiðsla 15% af kaupverði.
- g. Af öllu öðru innfluttu efni verður tollendurgreiðsla 10% af kaupverði, sem sannanlega hefur farið til viðgerða á skipinu.
- h. Af gasi og súr verður ekki endurgreitt.

13. gr.

Endurgreiðsla á söluskatti kemur því aðeins til greina, að reikningar þeir, sem farið er fram á endurgreiðslu á, beri það greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur.

14. gr.

Endurgreiðslan fer eingöngu fram til skipseiganda og skulu skipasmíðastöðvar, viðgerðaraðilar og aðrir seljendur innheimta söluskatt af efni til allra viðgerða.

15. gr.

Umsókn skipseiganda um endurgreiðslu skal fylgja verklýsing, sem staðfest er af siglingamálastjóra, enda fylgist hann með verkinu frá upphafi og taki það út.

III. Almenn ákvæði.**16. gr.**

Umsóknir um endanlega endurgreiðslu tolla vegna nýsmíði skips, eftir að afhending hefur farið fram eða eftir að smíði er endanlega lokið, svo og vegna tolla og söluskatts af skipaviðgerðum, skulu hornar fram á sérstökum eyðublöðum, sem siglingamálastjóri lætur í té. Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina, að allar upplýsingar, sem eyðublöðin gefa tilefni til, séu skilmerkilega færðar, og að þau séu undirrituð. Umsóknir um endurgreiðslu skulu sendast Siglingamálastofnun ríkisins og skulu þær hafa borizt innan árs frá því að nýsmíði eða viðgerð lauk.

17. gr.

Skipasmíðastöð eða skipseigandi, sem fær endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum, skal tilgreina endurgreiddan toll og söluskatt sérstaklega í skattframtali sínu, annað hvort í ársreikningi, sem fylgir skattframtali eða í gögnum með honum, undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð og fjárhæð hennar.

18. gr.

Reglur þessar gilda um skip og báta, sem eru 6 metrar að lengd og stærri.

19. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1972, en jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 180 12. ágúst 1970.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.